

Vistvottunarkerfi fyrir samgönguinnviði – Greining á vistvottunarkerfum fyrir innviðaverkefni Vegagerðarinnar. Helga J. Bjarnadóttir og Sigurður Thorlacius, Efla. – Júlí 2018.

Í vistvænni hönnun er tekið mið af öllum vistferli mannvirkisins, sem nær frá öflun hráefna og framleiðslu byggingarefna yfir allan líftíma byggingarinnar allt til niðurrifs og förgunar. Til að tryggja að hugað sé að öllum þessum þáttum í hönnun einstakra verkefna er hægt að nota vistvottunarkerfi. Tilgangur þeirra er að beina verkefnum í átt að vistvænni hönnun og sjálfbærni.

Í þessu verkefni var farið yfir vistvottunarkerfi sem meta sjálfbærni innviðaverkefna með tilliti til þess hvort þau gætu hentað fyrir verkefni Vegagerðarinnar. Það fundust 25 vistvottunarkerfi sem tengjast samgönguinnviðum á einhvern hátt. Nokkrum þeirra er lýst nánar í skýrslunni. Þá eru einnig teknar saman upplýsingar um vistvottuð innviðaverkefni á Norðurlöndunum og hvaða kerfi hafa verið notuð þar.

Við mat á kerfunum var miðað við að þau þyrftu að koma inn á allar þrjár víddir sjálfbærni, þ.e. umhverfi, samfélag og efnahag. Þau þyrftu að ná yfir sem flestar tegundir verkefna hjá Vegagerðinni og vera í víðtækri notkun, meðal annars á Norðurlöndum. Auk þess var miðað við að aðstæður þar sem kerfið var þróað væru nokkuð sambærilegar við íslenskar aðstæður.

Skýrsluhöfundar komast að þeirri niðurstöðu að stefna ætti að því að nota sameinað vistvottunarkerfi CEEQUAL og BREEAM sem kemur út árið 2019. Í dag er hið fyrrnefnda það kerfi sem mest er notað fyrir innviði bæði í Evrópu og á Norðurlöndunum. Kerfið er þróað í Bretlandi af ICE (Institution of Civil Engineers) og fyrst formlega gefið út árið 2004. Síðar nefnda kerfið er einnig þróað í Bretlandi og er nú stærsti aðilinn í vistvottun bygginga.

Lagt er til að hið sameinaða vistvottunarkerfi verið prufukeyrt í verkefni Vegagerðarinnar. Bent er á að það að fá vistvottun styrkir ímynd stofnunarinnar og út frá reynslu sem hlýst af slíkri prufukeyrslu, gæti hún einnig útbúið eigin vistvottunarviðmið.